



Þáttökutilkynning

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega verkefnisgögn 20323 og sendir neðangreinda þáttökutilkynningu. Senda skal inn gögn sem staðfesta hæfiskröfur skv nánari lýsingu hér að ofan. Bjóðendur geta sameinast um þáttökutilkynningu og er þá hæfi aðila metið saman.

Séu fleiri bjóðendur að bjóða saman skulu öll nöfn lögaðila og kennitölur koma skýrt fram í þáttökutilkynningu.

Upplýsingar um þátttakenda og undirskrift:

Nafn/nöfn þátttakenda	Tónlistarskóli Kópavogs/Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar
Kennitala	660269-0299/660269-0619
Heimilisfang	Hamraborg 6, 200 Kópavogur/ Engjateigur 1, 105 Reykjavík
Sími tengiliðs	893 9178
Fax	
Tölvupóstfang	kristin@tonlistarskoli.is
Tengiliður varðandi tillögu	Kristín Stefánsdóttir
Staður og dagsetning tillögu	Reykjavík, 21. júní 2016
Undirskrift bjóðanda/enda	<i>Kristín Stefánsdóttir Halldóra Ásadóttir</i>

Ríkiskaup
Borgartúni 7c
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. júní 2016

**Tilkynning um þátttöku í ferli um rekstur á listframhaldsskóla á sviði tónlistar,
verkefni 20323.**

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar (skammstafað TSDK), kt. 660269-0619, og Tónlistarskóli Kópavogs (skammstafað TK), kt. 660269-0299, sem í þessari tilkynningu og í meðfylgjandi gögnum verða nefndir **bjóðendur** eða **skólarnir**, tilkynna hér með í sameiningu um þátttöku í auglýstu ferli um val á aðila um rekstur á viðurkenndum einkareknum listframhaldsskóla á sviði tónlistar, sbr. auglýst verkefni 20323. Komi til þess að bjóðendum verði falið þetta verkefni hyggjast þeir setja á stofn sérstakan lögaðila til að annast það. Þessum aðila hafa bjóðendur valið vinnuheiðið *Lykeum*. Bjóðendur miða við að listframhaldsskóli á þeirra vegum geti tekið til starfa haustið 2016.

Bjóðendur eru starfandi tónlistarskólar sem hvor um sig uppfyllir hæfiskröfur samkvæmt auglýsingu Ríkiskaupa. Báðir bjóðendur eru sjálfsagnarstofnanir og starfa því ekki í ágóðaskyni. Skólarnir hafa báðir verið starfandi í yfir 50 ár og hefur samanlagður árlegur nemendafjöldi þeirra verið um og yfir eitt þúsund síðustu áratugi. Fram að aldamótum, áður en núgildandi aðalnámskrá tónlistarskóla kom til framkvæmda, útskrifuðu skólarnir nemendur með burtfararpróf, fullnaðarpróf og einleikarapróf. Um skeið var starfandi kennardeild í Tónskóla Sigursveins. Langflestir nemendanna sem útskrifuðust úr skólanum eru starfandi í dag sem tónlistarmenn og tónlistarkennrarar á Íslandi eða erlendis.

Með nýrri aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla frá árinu 2000 var tónlistarnámi skipt í grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Samanlagður árlegur fjöldi nemenda í framhaldsnámi í skólunum tveimur hefur verið í kringum 130, en í fylgigögnum má sjá fjölda nemenda í hvorum skóla, skipt eftir hljóðfæraflokkum, síðustu tíu árin. Fjöldi nemenda hefur lokið framhaldsprófi frá skólunum í hinu nýja prófakerfi og hafa margir þeirra haldið tónlistarnámi sínu áfram á háskólastigi.

Framhaldsdeildir skólanna hafa verið reknar af miklum metnaði þar sem boðið er upp á nám í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum hjá sérfraðingum sem hafa stundað nám í virtum erlendum tónlistarháskólum. Auk þess hafa skólarnir boðið upp á fjölbreytt tækifæri til samleiks í strengjasveitum, sinfóniuhljómsveitum, gítarsveitum, flautukórum, rytmasveitum og hefðbundnum kammerhópum. Tónlistarskóli Kópavogs býður upp á nám í raftónlist til framhaldsprófs, einn íslenskra tónlistarskóla. Í báðum skólum eru starfræktar klassískar og

rytmískar deildir sem undirbúa nemendur undir háskólanám eða áframhaldandi sérnám á sviði tónlistar. Húsakostur skólanna beggja er mjög góður með fjölda kennslustofa á fjórum stöðum, í Hamraborg 6 (Tónlistarhúsi Kópavogs), Fagraþingi 2a, Engjateigi 1 og Hraunbergi 2. Ítarlega lýsingu á húsakosti, hljóðfærum og tækjabúnaði er að finna í fylgigönum. Skólnir eru því vel í stakk búnir til að sinna kennslu 200 nemenda á framhaldsstigi í tónlist.

Bjóðendur leggja áherslu á að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir í nýjum listframhaldsskóla sem öllum getur lokið með stúdentsprófi. Lagt er til að nemendur geti valið milli þriggja aðalnámsbrauta:

- Rafræna miðlun
- Klassíkska tónlist
- Rytmískra tónlist

Eingöngu er unnt að bjóða upp á fyrstnefndu námsbrautina vegna Tónvers Tónlistarskóla Kópavogs. Svo fullkomín og gróin raftónlistaraðstaða, sem þar er til staðar, er einsdæmi í íslenskum tónlistarskólum og gefur það þessu tilboði algera sérstöðu.

Tilkynningu þessari fylgja námsbrautalýsingar og áfangalýsingar. Námsbrautirnar uppfylla skilyrði 23. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Gert er ráð fyrir því að kennslu almennra námsgreina verði sinnt af viðurkenndum framhaldsskólum. Bjóðendur hafa undirbúið samstarf við fjóra framhaldsskóla um þennan þátt, þ.e. Fjölbautaskólan í Garðabæ, Flensborgarskólan í Hafnarfirði, Menntaskólan í Kópavogi og Verzlunarskóla Íslands. Drög að námsbrautalýsingum hafa verið unnar í samvinnu við framangreinda framhaldsskóla.

Sérstök athygli er vakin á því að meðal gagna tilboðsins er viljayfirlýsing Listaháskóla Íslands um samstarf við bjóðendur um aðgang hæfra nemenda skólans að námskeiðum á 4. hæfniþepi.

Bjóðendur telja að þeir uppfylli báðir skilyrði samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/2008. Rétt þykir að víkja stuttlega að einstökum skilyrðum í þessu sambandi.

- a. Um hlutverk og markmið skóla. Skólnir starfa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og þar er hlutverk og markmið tónlistarskólanna skilgreint.
- b. Um stjórnskipan skóla og skipulag hans. Skólnir eru sjálfseignarstofnanir og starfa samkvæmt samþykktum skipulagsskrám.
- c. Um skólanámskrá og námsbrautarlýsingar. Námsbrautarlýsingar til stúdentsprófs eru í fylgigönum.
- d. Um fyrirkomulag náms og kennslu. Skólnir myndu annast kennslu tónlistarhluta í nýjum listframhaldsskóla, en framhaldsskólar, sem tilgreinir eru hér að framan, munu veita kennslu í almennum greinum námsins.
- e. Um hæfisskilyrði starfsmanna. Upplýsingar um hæfi tónlistarkennara og tónfræðigreinakennara eru í fylgigönum.
- f. Um inntökuskilyrði nemenda. Inntökuskilyrði eru mismunandi eftir brautum og koma fram í námsbrautarlýsingum.


Bjóðendur eru báðir rekstrarhæfir. Þessu til staðfestingar vísast til ársrekninga síðasta rekstrarárs hvors skóla sem eru meðal fylgigagna.

Samkvæmt framanrituðu og að öðru leyti með vísan til fylgigagna með þessari tilkynningu telja bjóðendur að þeir og lögaðili á þeirra vegum séu mjög vel í stakk búnir til að sinna kennslu í fyrirhuguðum listframhaldsskóla.


Virðingarfyllst,

f.h. Tónlistarskóla Kópavogs

f.h. Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar



Kristín Stefánsdóttir,
aðstoðarskólastjóri.



Halldóra Aradóttir
Halldóra Aradóttir,
aðstoðarskólastjóri.

Fylgiskjöl með tilkynningu bjóðenda

- I. Almennt um tilboðið og framtíðarsýn
- II. Um TK og TSDK
- III. Skipulagsskrár og ársreikningar
- IV. Aðstaða og tækjakostur
- V. Ferilskrár kennara og stjórnenda
- VI. Tónlistarbraut – Rafræn miðlun
- VII. Tónlistarbraut – Klassísk tónlist A
- VIII. Tónlistarbraut – Klassísk tónlist B
- IX. Tónlistarbraut – Rytmísk tónlist A
- X. Tónlistarbraut – Rytmísk tónlist B
- XI. Samstarfsaðilar
- XII. Tillaga að framkvæmdaráætlun
- XIII. Drög að rekstraráætlun

I. ALMENNT UM TILBOÐIÐ OG FRAMTÍÐARSÝN

ALMENNNT UM TILBODÍÐ

Eins og fram kemur í tilkynningu bjóðenda eru aðilar tilboðsins Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskóli Kópavogs. Hér eru á ferð gamalgrónir tónlistarskólar sem hafa mikla reynslu af skipulagi og framkvæmd tónlistarkennslu á grunn-, mið- og framhaldsstigi. Skólarnir hafa á að skipa hæfu kennsluliði og búa yfir góðri aðstöðu til kennslu. Skólarnir telja sig því ráða fyllilega við það verkefni sem um ræðir.

Bjóðendur leggja til að sérstakur aðili, listframhaldsskóli, sem bjóðendur nefna *Lykeum*, verði menntakjarni framhaldsstigs í tónlist. Heimahöfn menntakjarnans og helsta kennsluaðastaða tónlistar í upphafi yrði í fyrrgreindum tveimur tónlistarskólum, sem hafa starfsaðstöðu við Engjateig og að Hraunbergi í Reykjavík og í Tónlistarhúsinu við Hamraborg og að Fagrapíngi 2a í Kópavogi. Kennslan dreifist á staðina fjóra eftir því hvar aðstaða er best í hverju fagi.

Almennur bóklegur hluti námsins fer síðan fram í þeim framhaldsskólum sem ganga til samstarfs við Lykeum.

Eins og nánar er gerð grein fyrir í öðrum fylgigögnum er lagt til að þrjár aðalnámsbrautir verði í boði. Ein þeirra er rafræn miðlun. Þeir nemendur sem ekki eru á þeirri braut geta þó tekið valáfanga af þeirri braut og notið góðs af upptökutækjum og hljóðvinnslu Tónvers Tónlistarskóla Kópavogs.

Svo fullkomin og gróin raftónlistaraðstaða, sem boðið er upp á í Tónlistarskóla Kópavogs, er einsdæmi í íslenskum tónlistarskólum og gefur það þessu tilboði algera sérstöðu.

Það er óneitanlega svar við kröfum tímanna að hægt sé að ljúka stúdentsprófi af raftónlistarnámsbraut. Nám við Tónver Tónlistarskóla Kópavogs hefur auk þess reynst vera eitthvert það hagnýtasta sem í boði er í tónlistarskólum landsins.

FRAMTÍÐARSÝN

Tilboð þetta ber með sér skýra og rökstudda framtíðarsýn fyrir framhaldsnám í tónlist á Íslandi.

Lykilorð þeirrar sýnar eru *gæði, útbreiðsla og fjölbreytni*.

Ætla mætti að stundum séu miðstýring og samþjöppun taldar forsendur gæða í skólastarfi. Þá er litið á menntun sem samfelldan trjástofn sem vex þéttur og beinn upp úr sverðinum. Þó hefur verið sýnt fram á að framfarir á ýmsum sviðum mannsandans líkjast mun meira kræklóttum og óreglulegum vexti lágrróðurs en beinni línu.¹ Öll menntakerfi þarfust hæfilegrar „sjálfsáningar“ eða dreifingar til að viðhalda frjósemi og heilbrigði. Þetta er aðstandendum tilboðsins ofarlega í huga.

¹ Hér er einkum vísað í hugmyndir Pauls Feyerabends, en aðrir hugsuðir hafa tekið undir og þróað þær frekar.

Ekki er þeim síður mikilvægt að hæfileikaríkir ungir tónlistarmenn, sem alast upp utan höfuðborgarsvæðisins, eigi jafnan kost á samræmdu framhaldsnámi í tónlist og þeir sem þar búa. Það er réttlætismál, en jafnframt mikilvægt fyrir tónlistarlíf landsins: því víðar sem seilst er eftir hæfileikum því líklegra er að þeir komi upp á yfirborðið, öllum til góðs.

Ef spurt er hvernig útbreiðsla helst í hendur við gæði er því fljótsvarað: Tónlistarkennari þarf að hafa noga menntun, reynslu og listræna yfirsýn til að kenna á framhaldsstigi. Kröfur umfram það byggja hins vegar á tálsýn, þeirri tálsýn að hægt sé að benda á eitthvað sem heitir „besti“ kennarinn.

Í uppeldi er ekkert slíkt til. Það eru aðeins til *nægilega góðir* foreldrar, ekki *bestu hugsanlegu* foreldrarnir, svo vísað sé í hugmyndir Donalds Winnicotts. Það sama gildir um kennara.

Ef hægt er að sýna fram á að tiltekinn kennari hafi útskrifað fleiri nemendur sem skara fram úr en aðrir er það einungis til marks um að viðkomandi hefur fengið fleiri góða nemendur en aðrir.

Útbreiðsla helst því ekki einungis í hendur við gæði heldur getur hún beinlínis stuðlað að gæðum.

GÆÐI

Gæðin sem hér er átt við felast í eftirfarandi atriðum:

- 1) Hæfni leiðbeinenda: Miklar hæfnikröfur skal gera til kennara.
- 2) Styrkur námskrár: Nútímaleg og krefjandi námskrá örvar nemendur og hvetur til að leggja sig fram.
- 3) Aðstaða: Aðstaða til náms í öllum fögum skal vera fullnægjandi og gott aðgengi að tónleikasölum.
- 4) Samfélag: Skipulag námsins skal miða að því að nemendur hittist sem oftast til að vinna að sameiginlegum markmiðum, kynnast og verða hver öðrum hvatning.

ÚTBREIÐSLA

Tilboðið gerir ráð fyrir að sett sé á laggirnar ein stofnun sem myndar kjarna framhaldsnámsins. Hlutverki hennar má þá lýsa sem hér segir:

- 1) Stofnunin hýsir stjórn og stærstan hluta námsins.
- 2) Hún vottar og fylgist með gæðum kennslunnar.
- 3) Hún skipuleggur námið og sér um kennslu fræðigreina.
- 4) Hún hefur yfirumsjón með námsmati í tónlistargreinum.

Þessi kjarni er nauðsynlegur til að tryggja gæði námsins. Hann mun hins vegar geta dreift sér með rótarskotum á nokkrar starfsstöðvar. Þannig má vænta þess að í

náinni framtíð geti nemendur á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Reykjanesbæ og fleiri stöðum innritað sig í þennan menntakjarna án þess að flytja búferlum til höfuðborgarsvæðisins. Reikna verður með því að misjafnt verði eftir stöðum hvaða deildir stofnunarinnar nemendur geta sótt og fer eftir aðstæðum á hverjum stað. Mjög hæfa hljóðfærakennara á framhaldsstigi er þó að finna víða um land.

Dreifing framhaldsnáms í tónlist verður gerð möguleg á eftirfarandi hátt:

- 1) Regluleg hljóðfærakennsla verði í höndum hæfustu kennara á hverjum stað, enda hafi þeir menntun og reynslu til kennslu á framhaldsstigi.
- 2) Skipulagðir eru stuttir áfangar þar sem stærri hópar nemenda sækja sameiginlegt námskeið á einni starfsstöð undir leiðsögn færustu kennara. Þetta eru ýmist sérverkefni í hljóðfæraleyk (leiktaekni) eða samleik.
- 3) Kennsla fræðigreina er skipulögð sem fjarnám, ýmist með fjarfundabúnaði, þegar það á við, eða sem fjarnámsáfangar.
- 4) Námsmat er ávallt samræmt á þann hátt að prófdómarar ferðist á milli starfsstöðva en í fræðigreinum séu skipulögð próf á einni starfsstöð.

Bjóðendur hafa gert drög að samstarfssamningi við framhaldsskóla sem hafa mikla reynslu á sviði fjarnáms. Þá reynslu getur listframhaldsskóli nýtt sér.

FJÖLBREYNTI

Það er mikilvægt að stuðla að fjölbreytni námsins. Þetta á við um eftirfarandi þætti:

Sjálft námsframboðið, sem síðar verður lýst.

- 1) Framboð kennara, sem gerir ráð fyrir framlagi kennara í heimabyggð nemenda á starfsstöðvum stofnunarinnar.
- 2) Auk aðalkennara fær hver nemandi tækifæri til að sækja þekkingu til annarra á sérstökum námskeiðum, eins og áður er getið.
- 3) Hver nemandi velur sér námslínu, rytmiska-, raf- eða klassíska-, en er heimilt að taka allt að þriðjung eininga á annarri námslínu, skrái hann sig í svokallaða B-leið í klassísku eða rytmísku námi. Þetta þýðir að kostur er á sjö ólíkum námsleiðum innan stofnunarinnar.
- 4) Þess er vandlega gætt að þörfum nemandans og getustigi sé mætt með reglulegu stöðumati. Þannig sé það tryggt að nemendur sem skara fram úr fái framlag sitt metið í náminu.
- 5) Í samræmi við ofangreint markmið er þess gætt að þeir sem eru til þess hæfir hafi aðgang að námskeiðum á 4. hæfniþrepi í samstarfi við Listaháskóla Íslands og jafnvel, eftir atvikum, Háskólann í Reykjavík eða Háskóla Íslands. Ekki eru öll námskeið á 4. þrepi metanleg til eininga í stúdentsþrófi, en þetta tryggir að samfella sé milli framhaldsstigs og háskólastigs í tónlistarnámi. Bráðger nemandi getur því flýtt fyrir sér og haft meira svigrúm en ella til æfinga og tónlistarflutnings þegar í háskólanám er komið. Fyrir liggur viljayfirlýsing Listaháskóla Íslands um samstarf af þessu tagi.

UPPBYGGING NÁMSINS

Vert er að taka af öll tvímæli um að námi við *Lykeum* er ekki ætlað að leysa af hólmi almennt tónlistarnám nemenda á framhaldsskólaaldri. Það hentar einungis þeim sem vilja setja listnám í forgang í námi sínu. Námið veitir þeim sem það velja bæði breiðan tónlistarlegan grunn og undirbúning almenns háskólanáms. Sé ætlun nemandans að halda til frekara tónlistarnáms á háskólastigi verður þetta nám hæglega að öflugum stökkpalli þangað.

Skipurit námsins er meðal annarra fylgigagna. Því má lýsa sem hér segir:

Nemandi getur valið um þrjár námslínur: Rytmísk tónlist, rafræna miðlun eða klassísk tónlist. Í hverri línu er val um aðalfag, tiltekið hljóðfæri (eða raftónsmíðar).

Línurnar greinast í þrjá liði:

- 1) **Fag.** Þetta er aðalfagið. Það krefst mikillar heimavinnu og gefur samtals 40 eða 41 einingu. Auk leiðar A í hverju fagi, þar sem stefnt er að framhaldsprófi í hljóðfæraleik, býðst leið B, þar sem miðað er við breiðari grunn og leyfilegt að safna einingum í hljóðfæraleik (að hámarki 16) af annarri námslinu.
- 2) **Fræði.** Þetta eru samtals ellefu áfangar (12 í skyldu – misjafnt eftir línum – og 2 í val). Þeir krefjast nokkurrar heimavinnu. Samtals eru 38 einingar í þessum hluta námsins.
- 3) **Iðkun.** Hér er val um nokkra áfanga. Þeir krefjast líttillar heimavinnu en góðrar ástundunar. Um er að ræða two áfanga sem gefa samtals 4 einingar.

Það er í samræmi við hugmyndir tilboðsins um fjölbreytni að þetta skipulag gefur nemendum kost á að velja sér fræði- og iðkunaráfanga þvert yfir landamæri. Svo dæmi sé nefnt væri það fyllilega mögulegt fyrir nemanda í klassískum píanóleik að bæta við sig námskeiðum í rokksögu, rafföndri og upptökutækni, þótt þau tilheyri hinum námslinunum tveimur.

Á mynd á næstu síðu er uppbygging námsins skýrð á myndrænan hátt. Í köflum VI til X eru drög að námsbrautar- og áfangalýsingum fyrir fimm meginleiðir til stúdentsprófs hér nefndar:

- 1) Tónlistarbraut – Rafræn miðlun.
- 2) Tónlistarbraut – Klassísk tónlist A
- 3) Tónlistarbraut – Klassísk tónlist B
- 4) Tónlistarbraut – Rytmísk tónlist A
- 5) Tónlistarbraut – Rytmísk tónlist B

LYKEUM

LISTMENNTASKÓLI Á SVÍDI TÓNLISTAR

FAG												
RYTMÍSK TÓNLIST			RAFRÆN MIÐLUN		KLASSÍSK TÓNLIST							
FRÆÐI			//		//							
	Djasshljómfræði	Tónheyrn	Tónlistarsaga	Val	Klassísk hljómfræði	Tónheyrn	Tónlistarsaga	Val	Klassísk hljómfræði	Tónheyrn	Tónlistarsaga	Val
IÐKUN												

Rafföndur Rafræn nóttnaritun Kór Söngvasmíð Upptökufræði Barokktúlkun Tíulkun og spuni í samtímatónlist